

Föstudaginn 5. mars 1993.

Nr. 93/1993. **Ákærvaldið**

gegn

Hafsteini Sveinbirni Péturssyni.

Kærumál. Dómarar. Vanhæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. febrúar 1993, sem barst réttinum 26. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Guðmundar L. Jóhannessonar héraðsdómara frá 16. febrúar 1993 um, að hann víki sæti í málinu.

Ríkissaksóknari krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómarann að halda áfram dómsmeðferð málsins og kveða upp efnisdóm í því.

Af hálfu varnaraðila er ekki skilað greinargerð.

Með dómi Hæstaréttar 22. janúar 1993 var dómur héraðsdómarans frá 29. september 1992 úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Byggðist þessi niðurstaða á nánar tilgreindum annmörkum á gagnafærslu fyrir dómi eftir ákæru í málinu. Dómarinn átti engan þátt í rannsókn málsins fyrir ákæru. Hæstiréttur hefur mælt fyrir um, að nýrra gagna sé aflað í héraðsdómi og nýr dómur kveðinn upp að því búnu meðal annars á grundvelli þeirra. Fyrri efnisúrlausn dómarans gerir hann ekki vanhæfan í málinu. Ber því að hrinda hinum kærða úrskurði og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnisdóms og dómsálagningar.

D ó m s o r ð:

Hinum kærða úrskurði er hrundið og lagt fyrir Guðmund L. Jóhannesson héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 16. febrúar 1993.

Ár 1993, þriðjudaginn 16. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í sakamálinu nr. 905/1992: Ákærvaldið gegn Hafsteini Sveinbirni Péturssyni.

Þá er mál þetta var tekið fyrir hér í réttinum 10. febrúar sl. til að fjalla um tilhögun dómsrannsóknar þeirrar, sem mælt var fyrir í dómi Hæstaréttar í málinu nr. 405/1992, gerði verjandi ákærða, Kristján Stefánsson hrl., kröfu um, að dómariinn í málinu viki sæti í því, þar sem hann hefði lýst afstöðu sinni til sakarmats. Kröfu sinni til stuðnings vísar hann í 5. gr., g-lið, laga nr. 91/1991 um hæfisskilyrði dómara.

Saksóknari mótmælti kröfu verjanda og benti á áralanga venju um, að sami dómari og áður færi með mál, þegar máli er heimvísað, eins og hér hafi gerst. Hann vakti athygli á, að í greinargerð um áðurnefnda 5. gr. eml. sé sérstaklega tekið fram, að ekki sé ætlast til, að þessi g-liður verði talinn fela í sér breytingu frá eldri lögum, en nauðsynlegt hefði verið að geta þess í II. kafla laga nr. 19/1991, ef breytingu hafi átt að gera á réttarframkvæmd, og hefði þá átt að kveða á um það í 6. gr. þeirra laga.

— — —
Þegar litið er til þess, að málsmeðferð fyrir dómi skal að meginstefnu vera milliliðalaus, verður að telja heppilegt, að sami dómari og kvað upp fyrri dóm í málinu haldi áfram með það og kveði svo aftur upp í því dóm að lokinni framhaldsrannsókn, og eru ýmis dómafordæmi um, að álíka mál hafi hlotið þá meðferð.

Hér er þó um sakamál að ræða, og verður ekki litið fram hjá því, að í nýlegum dómum Hæstaréttar, þar sem vísað er til 6. gr., 1. mgr., Mannréttindasáttmála Evrópu, eru mótaðar strangari reglur um það, hvenær telja beri dómara vanhæfan vegna hættu á, að hann fái ekki litið af óhlutrægni á mál. Sérstaklega skal hér vísað til tveggja dóma Hæstaréttar frá 1990, þ. e. dóms Hrd. LXI,2 og Hrd. LXI,1151, en í síðari dóminum kemur skýrt fram, að hafi dómari tekið skýrslu af sakborningi fyrir dómi og svo boðið honum að ljúka máli með dómsátt, sem hann hafnar, verði dómariinn vanhæfur til að fara með málið eftir útgáfu ákæru, sérstaklega ef vafi er í málinu eða ákærði hefur við dómsrannsóknina neitað sök.

Einnig þykir verða að hafa hliðsjón af vanhæfisreglu þeirri, sem fram kemur í 6. gr. laga nr. 19/1991, en þar kemur fram, að hafi dómari með úrskurði um gæsluvarðhald tekið afstöðu til hugsanlegrar refsingar vegna brots, sem maður er sterklega grunaður um, verði hann vanhæfur til að fara með mál út af því broti eftir útgáfu ákæru, og verður að skýra g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991 með tilliti til þessarar reglu.

Að öllum þessum atriðum virtum er það álit dómarans í málinu, að með því að taka afstöðu til sakar og refsíákvörðunar í málinu megi telja vissa hættu á því, að hann fái ekki metið málið á síðara stigi alls óháð fyrri afstöðu og því beri honum með vísan til 6. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 5. gr., g-lið, laga nr. 91/1991, að vika sæti í því.

Á l y k t a r o r ð:

Dómari í máli þessu, Guðmundur L. Jóhannesson, vikur sæti í því.